

Kristín Svava Tómasdóttir

## Húsmenn við Breiðafjörð og á Vestfjörðum í upphafi 18. aldar

Árið 1703 var fyrsta heildarmanntalið tekið á Íslandi eftir fyrirmælum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en þeir höfðu verið ráðnir af Danakonungi til að rannsaka hag landsins eftir erfið ár við lok 17. aldar.<sup>1</sup> Hver landsmaður skyldi skráður með nafni, aldri og atvinnu og lögð var sérstök áhersla á að skrá húsgangsfólk og betlara í kjölfar harðindaáranna.<sup>2</sup> Langstærsti hluti Íslendinga hafði viðurværi sitt af landbúnaði eða fiskveiðum og tilheyrði hópi lögbylis- og hjáleigubænda eða vistbundins vinnufólks þeirra. Við sjávarsíðuna bjuggu jarðnæðislausir tómthúsmenn, eða þurrabúðarmenn, sem lifðu af sjávarafla. Lausamenn voru illa séður en fámennur hópur frjáls vinnuafls, en neðst í þjóðfélagsstiganum voru ómagar, flakkarar og lausgangarar.

Samkvæmt manntalinu 1703 voru alls 752 heimili, eða 9,2% allra heimila á landinu, heimili svokallaðs húsfólks.<sup>3</sup> Almennt er það að vera í húsmennsku skilgreint sem svo að vera sjálfum sér ráðandi en hafa húsnæði hjá öðrum.<sup>4</sup> Í þeim skilningi voru húsmenn eins konar leigjendur. Gísli Gunnarsson kallar húsfólk millihóp bænda og vinnufólks;<sup>5</sup> húsmenn hafi verið einstaklingar sem var gert kleift, í krafti efnahagslegrar stöðu sinnar eða persónulegra tengsla, að halda sjálfstæði sínu á þennan hátt þrátt fyrir að hafa ekki yfirráð yfir jarðnæði.<sup>6</sup> Ekki var þó alltaf sama merking lögð í húsmannshugtakið. Eins og Loftur Guttormsson hefur leitt líkur að gat húsmáður verið samheiti yfir tómthúsmann við sjávarsíðuna.<sup>7</sup> Að sama skapi gátu húsmenn verið eins konar grasbúðar- eða hjáleigubændur og hefur sú hugtakanotkun sennilega skapast fyrir áhrif frá

---

<sup>1</sup> Greinin er unnin upp úr ritgerð sem skrifuð var í námskeiðinu *Átjándi öldin. Menning, samfélag og evrópsk tengsl* við sagnfræðideild Háskóla Íslands, undir handleiðslu Hrefnu Róbertsdóttur. Ritgerðin var byggð á vinnu minni fyrir verkefnið *Saga Breiðafjarðar* sumarið 2012, en umsjónarmaður þess er Sverrir Jakobsson.

<sup>2</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. vii–viii. Sjá einnig *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*.

<sup>3</sup> *Manntalið 1703*, bls. 40–41.

<sup>4</sup> *Íslensk orðabók*, bls. 451.

<sup>5</sup> Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 31.

<sup>6</sup> Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation*, bls. 21.

<sup>7</sup> Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 123.

Danmörku, þar sem orðið *husmænd* var notað í þeirri merkingu<sup>8</sup> en menn sem leigðu hjá öðrum en voru sjálfum sér ráðandi kallaðir *inderster*.

Húsmenn áttu það sameiginlegt með hjáleigu- og grasbúðarmönnum, tómthús- og þurrabúðarmönnum að vera hvorki lögbýlisbændur né vinnufólk og brjóta þannig upp það sem talið var æskilegt mynstur bændasamfélagsins.<sup>9</sup> Þeir voru í raun frjálst vinnuafli og gat því einnig svipað til hins smáa en alræmda hóps lausamanna.<sup>10</sup> Ráðamenn litu þessa jarðnæðislausu og jarðnæðislitlu hópa oft hornauga þar sem þeir voru taldir lifa nær hungurmörkunum en ærlegir lögbýlisbændur og þar með líklegri til að missa fótanna þegar illa áraði og leggjast upp á aðra.<sup>11</sup>

Það vekur athygli að nær helmingur húsfólksheimila laut forstöðu kvenna en á landinu í heild veittu konur aðeins forstöðu um 14% heimila.<sup>12</sup> Það hefur verið dregið í efa að eðlilegt sé að telja heimili húsfólks sem sjálfstæð heimili í ljósi þess að þau töldu oft aðeins eina manneskju.<sup>13</sup> Varla verður þó litið framhjá því að í tilfelli einhleypra húskvenna er átt við umtalsverðan hóp kvenna sem voru „sjálfrar sín“ í sveitasamfélaginu og eru að því leyti athyglisverður hópur, en samkvæmt Guðmundi Jónssyni áttu karlar almennt auðveldara en konur með að sjá fyrir sér utan vinnumenskunnar, með lausamennsku og búskap.<sup>14</sup> Það er rétt að taka fram að ég nota hugtakið „húsmenn“ um hópinn í heild, bæði karla og konur, en „húskarlar“ og „húskonur“ þegar aðeins er um annað kynið að ræða.

Hér gefst ekki tækifæri til tæmandi umfjöllunar um stöðu húskarla og húskvenna í íslenska landbúnaðarsamfélaginu. Ég hyggst hins vegar nota þær ríkulegu heimildir frá

---

<sup>8</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga a–ö*, bls. 214. Sjá einnig Loft Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 123, og *Manntalið 1703*, bls. 21.

<sup>9</sup> Ax, „De uregerlige“, bls. 25, Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation*, bls. 20–21 og Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition*, bls. 34–35. Magnús flokkar húsmenn með þurrabúðarmönnum, þar sem þeir voru einnig jarðnæðislausir húsráðendur. Þótt hann alhæfi sums staðar um of um sameiginleg einkenni þessara hópa eru ýmsar athugasemdir hans athyglisverðar, t.d. að það hafi átt við um húsmenn líkt og þurrabúðarmenn að þeir hafi „fylgt jörðinni“ þótt hún skipti um eigendur eða ábúendur.

<sup>10</sup> Guðmundur Jónsson, „Stjórnþæki gamla samfélagsins“, bls. 66.

<sup>11</sup> Ax, „De uregerlige“, bls. 37. Hún vitnar til bréfs Ólafs Stefánssonar amtmanns til Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 þar sem hann lýsir þessum hópi sem „*Udskudet af Landfolket*“. Um mikilvægi lögbýlisins sem meginstöðar íslensks sveitasamfélags sjá Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 18–19.

<sup>12</sup> *Manntalið 1703*, bls. 21. Séu eins manns heimili ekki talin með er hlutfallið um 11%.

<sup>13</sup> Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 122. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 752 húsmannsheimili á Íslandi árið 1703 en til þeirra töldust aðeins 1124 manneskjur, eða að meðaltali 1,5 einstaklingur á heimili. Sjá *Manntalið 1703*, bls. 40–41. Einar Laxness lítur mjög ákveðið framhjá háu hlutfalli sjálfstæðra húskvenna þegar hann segir að húsmenn hafi oftast verið einir, en þó stundum búið „með konu sinni“. Sjá Einar Laxness, *Íslandssaga a–ö*, bls. 214.

<sup>14</sup> Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 12.

upphafi 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu þátt í að skrá – manntalið frá 1703 og jarðabækurnar frá 1702–1714 – til að rýna nánar í þennan hóp, einkenni hans og aðstæður, en húsmanna er getið með nafni og eignum þeirra lýst í jarðabókunum, enda töldust þeir standa fyrir sjálfstæðu heimili. Hvort tveggja jarðabækurnar og manntalið eru miklar fróðleiksnámar, en hvor heimildin um sig lýsir einungis stöðu manna eins og hún var á þeim tíma er hún var skráð. Með því að samnýta jarðabækurnar og manntalið með eigindlegum aðferðum má hins vegar oft varpa skýrara ljósi á stöðu fólks og þær breytingar sem kunna að verða á henni. Þá kemur í ljós að oft urðu töluverðar breytingar á stöðu húsmanna með fárra ára tímabili. Hugað verður að stöðu kvenna og möguleikum þeirra til halda sjálfstæði sínu í húsmennsku. Jafnframt verður litið til þess hvernig búsetu húsmanna var háttað og hvernig þeir voru aðgreindir frá öðrum þjóðfélagshópum. Við rannsóknina mun ég beina sjónum mínum sérstaklega að Breiðafirði og Vestfjörðum, en á því svæði var húsfólk hlutfallslega flest árið 1703.<sup>15</sup> Fyrst verður þó fjallað almennt um stöðu húsmanna á 18. öld og greint frá fyrri rannsóknum þar sem húsmenn koma við sögu.

### **Staða húsmanna á 18. öld**

Húsmenn virðast ekki hafa haft sérstaka lagalega stöðu í íslenska sveitasamfélaginu. Þótt húsmennska sé talin „ærlegur lífernisháttur“ í fyrirmælum um skráningu manntalsins 1703<sup>16</sup> flokkuðu stjórnvöld húsfólk stundum með öðrum hópum sem þóttu ógna stöðugleika samfélagsins, svo sem lausamönnum og þurrabúðarmönnum, en þess var vandlega gætt að þessir hópar þjónuðu hagsmunum bændastéttarinnar og gripið til ýmissa ráða til að koma í veg fyrir að þeir yrðu of fjölmennir.<sup>17</sup> Ráðamenn vildu ekki einungis koma í veg fyrir að fólk lenti á vergangi í harðindum heldur einnig tryggja bændum ódýrt vinnuafli.<sup>18</sup> Húsmenn voru í raun frjálst vinnuafli og héldu þeirri stöðu eftir að lausamennska var formlega bönnuð árið 1783 en í lausamennskutílskipuninni kemur fram að enginn megi vinna fyrir daglaun nema *husmænd*, konur þeirra og börn, og er þar sennilega átt við bæði búðarmenn og hefðbundna húsmenn.<sup>19</sup>

Í Alþingissamþykktum og tilskipunum frá 17. og 18. öld kemur fram að bændur megi ekki taka við utansveitarfólki í húsmennsku nema með tilskildu leyfi og vitund

---

<sup>15</sup> *Manntalið 1703*, bls. 34–41.

<sup>16</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. xvii.

<sup>17</sup> Guðmundur Jónsson, „Stjórnæki gamla samfélagsins“, bls. 65–66.

<sup>18</sup> Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation*, bls. 22.

<sup>19</sup> *Alþingisbækur Íslands XVI*, bls. 184.

hreppstjóra, en sæta sektum ella.<sup>20</sup> Í Alþingissamþykkt frá 1604, og raunar aftur í tilskipun um lausamenn og húsmenn frá 1863, er hnykkt á því að verði leyfislausir húsmenn að þrotsmönnum beri bóndi ábyrgð á þeim og skuli annast þá til næstu fardaga.<sup>21</sup> Líta þarf á þessi ákvæði í samhengi við almennar tilraunir ráðamanna til að sporna gegn losi á fólki og koma í veg fyrir félagslegan óróleika og hugsanleg sveitarþyngsli.

Í lögreglusamþykkt frá 1720, sem fjallar að miklu leyti um lausamenn og vinnuhjú, er húsmanna getið í athyglisverðri kláusu í kaflanum um ólöglega lausgangara:

Nú eru þeir karlmenn eður kvennmenn, sem kalla sig lasburða og setja sig í húsmennsku með nokkri eða öngri málntytu. Það sem málntytu hefur, fær að láta nytka hana um sumarið, en kemur henni í fóður á veturnar þar það getur. En bóndanum, sem það hýsir, geldur það litla eður öngva þénustu, kannske 20 alnir um árið, fer sjálf um sumarið um ýmsar sveitir til að betla, hvar með það gjörir ekki bændunum, sem það hýsir, hina minnstu þénustu margt af því, en áknýr með sjálfskyldu ölmusu, so það valla leggur eitt þakklætis orð í gen [sic], safnar so með þessu móti frá bændum í sveitunum öllu því, er það skal um veturnar til atvinnu hafa, sezt að, þegar haustar, við þennan afla og hefur með þessu ríkari matbjörg en bóndinn, sem lifir inni með börnum sínum í armóð. Slíkt fólk skal með öngvu móti líðast, en vera með öllu skyldugt í ársvist hjá bændum að ganga með slíkum kostum sem sýslumaður og hreppstjórar sjá því líkt fólk megna kunna og bóndanum þéanlegt.<sup>22</sup>

Í heimildum sést að þessar lýsingar á húsfólki sem fer um sveitir og betlar eru ekki úr lausu lofti gripnar. Í manntalinu 1703 segir að Einar Sveinsson, húsmáður á Hóli í Bíldudal, rói til fiskjar á sumrin en betli á veturna. Mæðginin Guðrún Jörundardóttir og Jón Gíslason á Tröð í Vestur-Ísafjarðarsýslu, lifa að sama skapi bæði af betli og sjávarafla.<sup>23</sup> Þórarinn Sveinsson bókbindari segir frá því í ævisögu sinni að hálf systir föður hans (en þar er sennilega um að ræða Ingveldi Þórðardóttur sem fædd var árið

<sup>20</sup> *Alþingisbækur Íslands* III, bls. 337, *Alþingisbækur Íslands* VIII, bls. 237 og *Alþingisbækur Íslands* XVI, bls. 9. Einnig eru ræddir skattar á húsmenn og hvort þeir skuli tíunda. Í Alþingissamþykkt frá öndverðri 17. öld kemur fram að þeir húsmenn og hjáleigumenn sem ekki tíunda skuli vinna eitt dagsverk á ári hjá sóknarpresti sínum í staðinn. Sjá *Alþingisbækur Íslands* IV, bls. 324.

<sup>21</sup> *Alþingisbækur Íslands* III, bls. 337, og *Tíðindi um stjórnamálefni Íslands*, bls. 706. Búferlaflutningar húsfólks hafa miðast við fardaga eins og hjá öðrum. Sjá t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 56, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 243.

<sup>22</sup> *Alþingisbækur Íslands* X, bls. 569.

<sup>23</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 188 og 213–214. Sjá einnig t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 149, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 202 og 213.

1730) hafi verið í húsmennsku hjá honum og það hafi verið vani hennar að „fara í sveit til betleríis, en þegar hún kom aptur, þuldi hún fyrir móður minni ferðasögu sína“.<sup>24</sup>

Í Noregi og Danmörku varð til svokölluð húsmannastétt á 18. öld. Þar töldust þeir húsmenn sem höfðu ýmist engin jarðarafnot eða afnot af jarðarparti sem þeir leigðu beint af bónda fyrir peninga og/eða vinnu. Jarðarpartur húsmannsins lá yfirleitt í útjaðri heimajarðarinnar og hann hafði gjarnan aðgang að hlunnindum á borð við beitarland og skógarhögg. Myndun húsmannastéttarinnar á Norðurlöndum var viðbragð við þeirri fólksfjölgun sem þar var hafin, en bændur gátu jafnframt sótt nauðsynlegt vinnuafl til húsmanna. Það gat verið hagstæðara fyrir bónda að hafa húsmann og nýta vinnuafl hans og fjölskyldu hans á álagstímum en að halda vinnufólk sem þurfti að greiða laun og halda uppi allt árið. Fæstir húsmenn gátu þó framfleytt sér og fjölskyldu sinni á þeim jarðarparti sem þeir höfðu til afnota og sinntu öðrum störfum meðfram.<sup>25</sup> Bændum fjölgaði lítið í Danmörku og Noregi á 18. öld en fjöldi húsmanna margfaldaðist.<sup>26</sup>

Á Íslandi fækkaði hins vegar fólki á 18. öld af völdum harðæris og náttúruhamfara og það var ekki fyrr en á 19. öld að tiltölulega samfelld fólksfjölgun hófst hér á landi. Samt sem áður varð húsmannastéttin aldrei fjölmenn á Íslandi. Árni Daníel Júlíusson hefur leitt að því líkur að þegar íslenska samfélagið fór að þurfa á slíkum lausnum að halda á 19. öld hafi það verið tómthúsmennskan sem gegndi sama hlutverki hér á landi og húsmennskan í grannlöndunum, þ.e. að þéttari búseta við sjávarsíðuna hafi tekið við fólksfjölguninni fremur en aukin skipting jarða til sveita.<sup>27</sup> Þetta væri vert að rannsaka nánar í samhengi við þróun húsmannahópsins á 18. og 19. öld. Þar mætti sérstaklega skoða hlut kvenna, t. d. ekkna, en eins og Ólöf Garðarsdóttir hefur fjallað um fluttu konur unnvörpum á mölina við upphaf þéttbýlismyndunar á síðari hluta 19. aldar þar sem þær eygðu möguleika á meira sjálfræði en þær höfðu innan sveitasamfélagsins.<sup>28</sup> Gat húsmennskan verið leið fyrir ekkjur og aðrar ógiftar konur til að halda sjálfstæði sínu fyrir tíma þéttbýlismyndunar?

---

<sup>24</sup> Þórarinn Sveinsson, „Æfisögubrot feðganna Sveins Þórðarsonar og Þórarins bókbindara Sveinssonar“, bls. 319.

<sup>25</sup> Dyrvik, *Norsk historie*, bls. 100 og 130–132. Sjá einnig Loft Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 125–127, og Skrubbeltrang, *Det danske Landbosamfund*, bls. 42.

<sup>26</sup> Árni Daníel Júlíusson, „Valkostir sögunnar“, bls. 87.

<sup>27</sup> Árni Daníel Júlíusson, „Valkostir sögunnar“, bls. 93–94. Í doktorsritgerð sinni, „Bønder i pestens tid“, fjallar Árni Daníel m.a. um tengsl fólksfjölgunar og hjáleigubýggðar á 18.–19. öld og gerir grein fyrir ólíkum gerðum hjáleiga við sjávarsíðuna og til sveita, en fjallar ekki sérstaklega um húsmenn eða tómthúsmenn í því samhengi. Sjá Árna Daníel Júlíusson, „Bønder i pestens tid“, bls. 102–108.

<sup>28</sup> Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar“, bls. 246–252.

Í *Skýrslum um landshagi* frá 1858 segir að á 18. öld hafi á Íslandi verið margir húsmenn en nú sé þeirra „hvergi getið“<sup>29</sup> og þegar Landsnefndin fyrri spurðist fyrir um fjölda lausamanna og húsmanna á Íslandi árið 1770–1771 vildu þeir sýslumenn, sem svöruðu fyrirspurninni, ekki kannast við neina slíka menn í sinni sýslu.<sup>30</sup> Manntalið, sem tekið var 1801, er skráð á dönsku, og er þar gerður munur á *inderster* og *huusmænd*. Þeir síðarnefndu skiptust síðan í húsmenn með og án jarðnæðis, og er þar sennilega um að ræða grasbúðar- og hjáleigumenn annars vegar og tómthúsmenn hins vegar. *Inderster* ná ekki einu prósentu af heildarmannfjöldanum en *huusmænd með jord* eru 3% mannfjöldans og *huusmænd uden jord* 4%.<sup>31</sup>

Einhverjar breytingar kunna því að hafa orðið á hópi húsmanna, eða skilgreiningu hans, á 18. og 19. öld. Þó er kunnugleg þessi lýsing Arnljóts Ólafssonar á hinni flóknu afmörkun húsmannahópsins í *Andvara* árið 1888:

Hægt er að greina húsmenn frá sveitabændum; öllu örðugra er að greina þurrabúðarmenn frá sjávarbændum, og enn örðugra er með berum og beinum orðum að draga glögg landamerki milli lausamanna af einni hálfu og húsmanna og þurrabúðarmanna af annari. Einkenni húsmanns er, að hann er húsráðandi, en þó eigi húsbóndi eður ráðandi heimilis, að hann hefir mötuneyti sér eður þó fyrir sinn reikning, en er eigi á fæði hjá öðrum sem hjú eður verkamaður, og hafi hann þar að auki fleiri menn fram að færa en sjálfan sig, svo sem konu sína eður hjú, þá er hann eflaust eigi lausamaður, heldr húsmáður til sveita og þurrabúðarmaður til sjávar, sé hann annars eigi heimilissvörður og því sjávarbóndi. [...] Búðsetumenn við sjó og húsmenn til sveita standa, svo að segja, mitt á milli húsbænda eður húsfeðra og hjúa; þeir búa vanalega í leiguhúsi eður leigubúð, sem heyrir heimahúsum til eður húsagarði, líkt sem hjáleiga eður réttara afbýli á sinn hátt heyrir undir heimajörðina eður aðalbólið; þeir eru sjálfeldismenn eður hafa fæði sér og eiga vinnu sína. Þannig eru þeir á eina hönd aðgreindir frá húsbændum og húsfeðrum, en á aðra frá hjúum, verkamönnum og oftast frá lausamönnum, er eigi geta kallazt húsráðendr í eiginlegum skilningi, heldr eru fremr en svo á lausum kili, fara með dagakaup og eru dagkaupamenn.<sup>32</sup>

Á síðari hluta 18. aldar voru raunar uppi hugmyndir um að stofna til svipaðrar húsmannastéttar á Íslandi og hafði myndast í grannlöndunum, en meðal þess sem

<sup>29</sup> „Um mannfjölda á Íslandi“, bls. 373.

<sup>30</sup> *Landsnefndin 1770–1771* II, bls. 167, 200 og 209.

<sup>31</sup> *Manntal á Íslandi 1801*, bls. xv. Björn Teitsson nefnir þetta atriði stuttlega í umfjöllun sinni um útgáfu manntalsins. Sjá Björn Teitsson, „Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt“, bls. 258.

<sup>32</sup> Arnljótur Ólafsson, „Um ómagafraframslu“, bls. 198–199.

Landsnefndin fyrri 1770–1771 vildi kanna á Íslandi voru möguleikarnir á að skipta upp stærri jörðum og fjölga hjáleigum.<sup>33</sup> Embættismenn á Íslandi voru margir efins um þessar tillögur. Finni Jónsson, biskupi í Skálholti, leist t.d. illa á að slíkt væri reynt. Meðal röksemda hans var hin kunnuglega staðhæfing að í slæmu árferði færu kotbændur illa og enduðu oftár en ekki á betlerí með alla fjölskylduna, legðust upp á aðra sem væru betur settir og drægju þá með sér í örbirgðina. Finnur hafnaði því jafnframt að það væri hagstæðara fyrir bændur að hafa húsmenn en vinnufólk. Þar sem húsmenn ynnu ekki í eigin þágu gætu þeir ekki séð fyrir fjölskyldu sinni og yrðu húsbændunum á endanum mun kostnaðarsamari en venjulegt vinnufólk. Hér er það greinilega sú staðreynd að sjálfráða húsmenn höfðu tækifæri til að stofna til hjúskapar og fjölga sér, öfugt við vinnufólk, sem Finnur geldur varhug við. Hann lýsti raunar efasemdum um að landið bæri þann aukna mannfjölda, sem sú niðurskipting jarða, myndun húsmanna-stéttar og uppbygging eyðijarða sem Landsnefndin lagði til hefði í för með sér.<sup>34</sup>

Hugmyndir um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að stuðla að eflingu húsmannastéttar á Íslandi voru ekki alveg úr sögunni því árið 1915 lagði Skúli Thoroddsen fram þingsályktunartillögu á Alþingi um formlega myndun slíkrar stéttar, þótt ekkert yrði úr því þá frekar en á 18. öld.<sup>35</sup>

### **Húsfólk við Breiðafjörð og á Vestfjörðum**

Í upphafi 18. aldar var húsfólk hlutfallslega flest við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Hæst var hlutfallið í Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslum, þar sem heimili húsfólks voru 17–18% heimila og um 5% mannfjöldans bjuggu á húsfólksheimilum. Í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og Strandasýslu var hlutfallið einnig ívið hærra en á landsvísu, en þar voru heimili húsfólks 11–12% heimila og um 3% mannfjöldans bjuggu á húsfólksheimilum. Á landinu í heild var sambærilegt hlutfall um 9% heimila og 2% mannfjöldans.<sup>36</sup> Þessar tölur sýna glögg tve fámenn húsfólksheimilin voru.

Útræði var mikilvægur hluti atvinnuhátta á þessu landsvæði og var ýmist undirstaða þeirra eða stundað í bland við hefðbundinn landbúnað.<sup>37</sup> Á Breiðafirði var jafnframt stundaður eyjabúskapur og þar voru raunar áberandi margir húsmenn í manntalinu 1703. Langflestir húsmenn við Breiðafjörð og á Vestfjörðum bjuggu á lögbýlum, að Snæfells-

<sup>33</sup> *Landsnefndin 1770–1771* II, bls. 20.

<sup>34</sup> *Landsnefndin 1770–1771* I, bls. 74–78. Loftur Guttormsson fjallar um afstöðu Finns til eflingar húsmannastéttarinnar í *Bernska, ungdomur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 127–128.

<sup>35</sup> *Alþingistíðindi* A 1915, bls. 241.

<sup>36</sup> *Manntalið 1703*, bls. 34–41.

<sup>37</sup> *Manntalið 1703*, bls. 17.

nesi undanteknu, en á útgerðarsvæðunum þar voru þurrabúðir algengastar á landsvísu. Í Snæfellsnessýslu bjó helmingur húsfólks á lögbýlum, um 35% í þurrabúðum og 15% í grasbúðum eða hjáleigum. Þurrabúðarmenn á Snæfellsnesi reru á skipum landeigenda og áttu sumir bátskektur sjálfir, þótt þeir mættu ekki gera út eigin báta á vetrarvertíðinni.<sup>38</sup> Sennilega lifðu flestir húsmenn í þurrabúðum á sjósókn líkt og þurrabúðarmennirnir sjálfir, enda er oft tekið fram að þeir rói.

**Tafla 1**

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
Snæfellsnessýsla	51%	49%
Dalasýsla	37,5%	62,5%
Barðastrandarsýsla	51%	49%
V-Ísafjarðarsýsla	52%	48%
N-Ísafjarðarsýsla	60%	40%
Strandasýsla	19%	81%

Tafla 1 sýnir hlutfallslega kynjaskiptingu húsmanna eftir sýslum.<sup>39</sup> Eins og sjá má er hlutfall kynjanna í hópi húsmanna nokkuð jafnt í Snæfellsnessýslu, Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu. Í Dalasýslu og Strandasýslu eru mun fleiri húskonur en húskarlar en í Norður-Ísafjarðarsýslu er hlutfallið öfugt og húskarlar ívið fleiri en húskonur. Þar munar mest um aldurshópinn 40–49 ára, eins og sést í töflu 2.

**Tafla 2**

Aldur	0–9 ára		10–19 ára		20–29 ára		30–39 ára		40–49 ára	
	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>
Snæfellsnessýsla	6%	4%	4%	4%	5%	2%	10%	12%	10%	6%
Dalasýsla	7%	7%	3,5%	0	3,5%	5%	5%	13%	9%	11%
Barðastrandars.	7%	4%	4%	8%	4%	3%	6%	8%	11%	7%
V-Ísafjarðarsýsla	4%	7%	4%	5%	7%	1%	8%	4%	12%	10%
N-Ísafjarðarsýsla	4,5%	4,5%	6%	3%	6%	3%	6%	4,5%	16%	4,5%
Strandasýsla	0	0	0	0	0	0	0	14%	0	24%

Aldur	50–59 ára		60–69 ára		70–79 ára		80 ára og eldri		Aldur ekki gefinn upp	
	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>
Snæfellsnessýsla	10%	13%	4%	7%	2%	1%	0	0	0	0
Dalasýsla	2%	5%	3,5%	18%	3,5%	2%	0	2%	0	0
Barðastrandarsýsla	9%	10%	8%	6%	2%	1%	0	1%	1%	0
V-Ísafjarðarsýsla	9%	13%	3%	5%	2%	2%	1%	1%	2%	0
N-Ísafjarðarsýsla	9%	12%	7%	9%	3%	0	2%	0	0	0
Strandasýsla	5%	28%	5%	0	5%	9%	5%	5%	0	0

<sup>38</sup> Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation*, bls. 20–21.

<sup>39</sup> Í töflum 1 og 2 er miðað við manntalið 1703 og einungis teknir saman þeir sem þar eru kallaðir húsmenn og heimilisfólk þeirra, að vinnufólki frátöldu.



Rétt er að taka fram að ekki eru alltaf stórir hópar bak við þessar tölur. Húsmenn í Snæfellsnessýslu voru 134 samkvæmt manntalinu 1703, í Dalasýslu 56, í Barðastrandarsýslu 147, í Vestur-Ísafjarðarsýslu 108, í Norður-Ísafjarðarsýslu 67 en í Strandasýslu aðeins 21.

70–80% húsmannsheimila í þessum sýslum töldu aðeins eina manneskju. Á þeim heimilum, þar sem fleiri bjuggu, var yfirleitt um að ræða hjón, með eða án barna. Oftast var aðeins eitt barn á heimilinu en þau gátu verið tvö eða jafnvel þrjú. Sumir húsmenn bjuggu með uppkomnum syni eða dóttur og höfðu stuðning af þeim. Aðrir bjuggu með barnabarni, foreldri eða systkini, jafnvel ómaga eða vinnuhjúi. Á fjölmennari húsmannsheimilum var einnig oft um að ræða einstætt foreldri, karl eða konu, með barn eða börn. Það hefur væntanlega oft verið ekkjufólk sem gat haft börnin hjá sér í húsmennskunni.

Fjölmennasta húsmannsheimili, sem finnst í manntalinu 1703, taldi sex manns, en þar var um að ræða heimili hjónanna Andrésar Ólafssonar og Arnheiðar Bjarnadóttur sem voru í húsmennsku á Hóli í Ketildölum ásamt þremur börnum sínum og einum vinnupilti sem virðist tilheyra heimili þeirra í manntali. Þrír ábúendur eru taldir á jörðinni auk þeirra, en óvíst er hvort Andrés og Arnheiður hafa búið hjá einhverjum þeirra eða út af fyrir sig. Þau gætu hafa lifað á sjósókn, en heimræði var frá Hóli á sumrin og haustin og á vorin fóru menn með skip sín í verstöðvarnar í Selárdal. Því miður var jarðabók ekki skráð í Ketildölum fyrr en árið 1710 og þá voru Andrés og Arnheiður á bak og burt.<sup>40</sup>

Í umfjöllun minni hér á eftir mun ég einkum nýta manntalið frá 1703 og jarðabókina sem skráð var á árunum 1702–1714. Þar sem flokkanir og skilgreiningar eru ekki jafn staðlaðar í manntalinu 1703 og síðar varð er oft matsatriði hvernig flokka skuli ákveðna einstaklinga og ég hef reynt að taka fleiri með en færri, m.a. til að draga fram einmitt þessar óljósu línur milli húsmanna og annarra hópa á borð við lausamenn, hjáleigubændur og vinnuhjú.<sup>41</sup> Það er mjög mismunandi hversu miklar upplýsingar um húsfólkið er hægt að lesa út úr heimildunum. Hreppstjórar gátu haft töluverð áhrif á skráningu manntalsins á hverjum stað. Sums staðar skráðu þeir einungis nafn, aldur og stöðu hvers einstaklings en stundum bættu þeir við nánari upplýsingum um ættartengsl,

---

<sup>40</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 187, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 372–373.

<sup>41</sup> Um flokkunarvanda við úrvinnslu manntalsins sjá Loft Guttormsson og Ólöfu Garðarsdóttur, „Þurfamenn í manntalinu 1703“.

afkomu eða heilsufar. Jarðabókin gefur yfirleitt upplýsingar um eignir einstakra húsmanna og afkomu þeirra en telur almennt færri til húsmanna en manntalið.<sup>42</sup>

Ýmiss konar misræmi veitir ennfremur verið í stöðu einstaklings eins og hún er skráð í manntali annars vegar og jarðabók hins vegar, sem erfitt er að dæma um hvort feli í sér raunverulega breytingu á stöðu viðkomandi eða mismunandi skilgreiningar þeirra sem skrásetja. Menn, sem skráðir eru lausamenn, hjáleigubændur eða jafnvel vinnuhjú í manntali, eru stundum taldir húsmenn í jarðabók. Í manntalinu 1703 eru t.d. skráðir tíu lausamenn í Höskuldsey á Breiðafirði, en í jarðabók frá því haustið 1702 eru þeir kallaðir húsmenn og gerð grein fyrir því í hvaða þurrabúð þeir leigi.<sup>43</sup> Enn sérstakara dæmi er fólkið á Guðnýjarstöðum á Snæfellsnesi. Í manntali er Jón Gíslason skráður annar ábúandi Guðnýjarstaða og Guðlaug Árnadóttir bústýra hans, auk þess sem þau halda vinnukonuna Guðrúnu Jónsdóttur, en í jarðabók, sem skráð var haustið 1702, eru þau Jón og Guðlaug kölluð húsfólk „í fjelagi“ og Guðrún Jónsdóttir önnur húskona.<sup>44</sup> Þessi dæmi sýna hvernig skilgreiningar á stöðu fólks geta verið á reiki.

## Búseta og heimilishald

Eins og Loftur Guttormsson hefur vakið athygli á var húsmennskuhugtakið stundum notað í svipaðri merkingu og þurrabúðarvist.<sup>45</sup> Það kemur skýrt fram í manntali og jarðabók að þetta tvennt hafi skarast. Yfirleitt er þess ekki getið hvort húsmenn búi út af fyrir sig eða í húsnæði ábúenda, en það kemur fyrir að tekið sé fram að þeir séu „í heimabænum“ eða „innan bæjar“<sup>46</sup> og því augljóslega gert ráð fyrir öðrum möguleika. Húsmenn geta enda einnig verið „utan bæjar“, eins og feðgarnir Oddi Sigurðsson og Sigurður Jónsson, húsmenn í Ögri á Snæfellsnesi.<sup>47</sup>

<sup>42</sup> Gott dæmi um ósamræmi í skráningu húsmanna er að finna í manntali og jarðabók yfir Breiðafjarðareyjar, hvort tveggja skráð árið 1703, en mun fleiri húsmenn eru skráðir þar í manntali en jarðabók. Árni Magnússon, sem skráði sjálfur jarðabókina í Eyjahreppi, virðist raunar hafa sleppt þeim vísvitandi. Í neðanmálgrein við kafla jarðabókarinnar um Bjarneyjar kemur fram að Árni hafi strikað yfir alla húsmennina sem hann hafði skráð þar til heimilis, og síðar í kaflanum skráir hann enga húsmenn í Flatey þrátt fyrir að manntalið telji þá marga. Óvíst er hvers vegna Árni ákveður að skrá ekki húsmennina í Breiðafjarðareyjum. Sjá *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 236.

<sup>43</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 351–352.

<sup>44</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 128–129, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 335.

<sup>45</sup> Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 123. Í grein um íslensk sóttvarnarlög í tímaritinu *Lögfræðingi* frá 1898 segir um húsfólk að ef það búi „í sjerstakri þurrabúð, þá er það hvorki á heimilinu nje heimilismenn, en ef það býr inni í bænum, þá má telja það á heimilinu, þó að það sje ekki heimilismenn“. Sjá Pál Briem, „Yfirlit yfir sóttvarnarlög Íslands“, bls. 40.

<sup>46</sup> Sjá t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 262–263 og 265, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 358.

<sup>47</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 130.

Stundum hafa húsmennirnir byggt hús sín sjálfir, eins og í tilfelli Jóns Ólafssonar á Þórólfsstöðum í Dölum sem byggði hús fyrir „sig og sinn pening“ með leyfi landsdrottins,<sup>48</sup> en þess er oftast getið að húsmenn hafi fengið leyfi til að búa í húsum sem fyrir voru á jörðinni. Í túninu á Stóraholti í Dalasýslu var t.d. hús sem enginn jarðarpartur fylgdi en hafði „verið ljeð húsmönnum oft og ýmislegt þjenusta verið gjörð í staðinn“.<sup>49</sup> Páll Einarsson, sem var húsmaður á Krossi á Skarðsströnd árið 1705 með fjölskyldu sinni, hafði þar „óburttekið“ hús í láni hjá ábúandanum á Á, Magnúsi Ögmundssyni, en þeir voru bræðrasynir.<sup>50</sup> Sama ár höfðu Sigríður Brandsdóttir og sonur hennar hús í Arney með leyfi jarðeigandans.<sup>51</sup> Sigríður er eina konan sem tekið er fram að hafi eigið húsnæði til umráða. Hún var sennilega nýorðin ekkja þegar jarðabókin var skráð því þegar manntal var tekið tveimur árum áður var eiginmaður hennar í húsmennsku í Arney ásamt þeim mæðginum, en bróðir hans var ábúandi í eygni og faðir þeirra hafði verið það á undan honum.<sup>52</sup>

Í nokkrum tilvikum eru menn nefndir húsmenn í sömu andrá og þeir eru sagðir búa í tómothúsi (en einnig kemur orðmyndin *hússmaður* fyrir). Þegar manntal er tekið á Skógamó á Arnfjarðarströnd árið 1703 eru íbúarnir þar nefndir húsmenn en tekið fram að fólkið lifi „mestan part af sjávaraflla, við þurt hús“.<sup>53</sup> Þegar jarðabók er skráð á Skógamó sjö árum síðar kemur fram að um sé að ræða tvö tómothús niðri við sjóinn, sem hafi farið í eyði í bólunni. Húsmennirnir þar, sem svo eru einnig nefndir í jarðabók, hafi m.a. brúkað skóginn til eldiviðar og til að gera kol sem þeir hafi svo selt.<sup>54</sup> Um hús sem stóð í túninu í Holti í Ísafjarðarsýslu er sagt í jarðabók að þessi „býlisnefna“ hafi heldur mátt „heita húsmenska en bústaður“.<sup>55</sup> Það kemur reyndar líka fyrir að fólk sem stóð fyrir heimili í hjáleigu sé kallað húsfólk í manntali, eins og var um Þorstein Atlason húsmann og Margræti Oddsdóttur sem bjuggu með tveimur börnum sínum í nafnlausri „annarri hjáleigu“ frá Stað í Aðalvík árið 1703.<sup>56</sup>

---

<sup>48</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 31.

<sup>49</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 174. Sjá einnig t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 169.

<sup>50</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 134, og <http://www.islendingabok.is> Páll Einarsson, f. 1656.

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 126.

<sup>52</sup> *Sjá Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 152, og <http://www.islendingabok.is>. Sighvatur Bjarnason, f. 1657.

<sup>53</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 192.

<sup>54</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 7.

<sup>55</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 105.

<sup>56</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 231.

Eins og Magnús S. Magnússon bendir á er markalínan dregin um eldhúsið þegar tvö heimili eru aðgreind.<sup>57</sup> Má lesa það út úr ýmsum eldri og yngri heimildum að það hafi verið einkenni á húsmönnum að þeir hafi eigin matbjörg, t.d. lögreglusamþykktinni frá 1720 og fyrrnefndri grein eftir Arnljót Ólafsson frá síðari hluta 19. aldar.<sup>58</sup> Í jarðabókinni er iðulega tekið fram hvort húsmenn njóti eldiviðar af heimajörðinni eða kaupi hann annars staðar frá; alltént hafa þeir þurft á eldiviði að halda. Í lesendabréfi í *Morgunblaðinu* árið 1963, sennilega frá fræðimanninum Magnúsi Þórarinssyni sem fæddur var árið 1879, segir að húsmenn á Suðurnesjum á 19. öld hafi haft „þjónustu og matargerð út af fyrir sig í góðri samvinnu við húsmóðurina“ og víða verið tvennar hlóðir í eldhúsi.<sup>59</sup> Sumir húsmenn virðast þó hafa keypt mat af ábúendum eða fæði verið innifalið í húsaleigunni.<sup>60</sup>

Tengsl húsmannsins við ábúendurna gætu hafa haft áhrif á það hvernig þessu var háttað, en þau er oft erfitt að lesa út úr heimildunum. Þó er þeim stundum lýst, eða hægt að draga ályktanir af föðurnöfnum. Í þeim tilfellum sem tengsl húsmanna og ábúenda eru nokkurn veginn ljós er oftast um systkini að ræða. Þar á eftir kemur fólk sem er í húsmennsku hjá börnum sínum, en einnig er nokkuð um að börn séu í húsmennsku hjá foreldrum sínum. Í einu tilfelli var maður húsmáður hjá bróður látinnar eiginkonu sinnar.<sup>61</sup> Það kom að sjálfsögðu oft fyrir að fólk byggi hjá ættingjum sínum án þess að vera í húsmennsku eða annarri stöðu sem var sérstaklega skilgreind í manntali. Þá var einnig algengast að um systkini væri að ræða og þar á eftir foreldra. Mæður og tengdamæður voru mun fleiri en feður og tengdameður, og konur raunar í meirihluta þeirra sem bjuggu á heimilum ættingja sinna.<sup>62</sup> Það virðist óhætt að gera ráð fyrir því að oft séu húskonur mæður húsráðenda þótt erfitt sé að ráða það af heimildum.

Það sem kom kannski helst á óvart við þennan hluta rannsóknarinnar var hversu oft húsmennirnir tengdust vinnufólkinu á heimilinu, voru t.d. foreldrar eða systkini vinnufólks, þótt auðvitað sé mögulegt að í einhverjum tilfellum hafi vinnufólkið sjálft verið tengt ábúendum. Þess voru tvö dæmi í Dalasýslu að eiginkonur vinnumanna væru í húsmennsku á heimilinu. Í báðum tilvikum unnu eiginmenn þeirra fyrir húsaleigunni,

---

<sup>57</sup> Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition*, bls. 34.

<sup>58</sup> Sjá einnig t.d. „Færeyingar á Seyðisfirði“, bls. 63, en þar kemur fram að húsmáður sé sá sem hafi eldstó og fæði út af fyrir sig.

<sup>59</sup> Magnús Þórarinsson, „Hvað er „húsmáður“?“, bls. 6.

<sup>60</sup> Sjá t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 42, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 165. Þar kemur fram að húsmennirnir hafi haft „soðning með sama gjaldi“.

<sup>61</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 186, og <http://www.islendingabok.is> Guðrún Einarsdóttir, f. um 1660.

<sup>62</sup> *Manntalið 1703*, bls. 25.

en auk þess áttu þær báðar nokkurt kvikfé.<sup>63</sup> Þórður Björnsson, húsmaður á Hóli í Vestur-Ísafjarðarsýslu, var giftur vinnukonu þar, Herdísí Jónsdóttur. Níu ára gömul dóttir þeirra var tökubarn á bænum en fjórtán ára gamall sonur þeirra vinnumaður hjá öðrum ábúanda.<sup>64</sup> Þannig var öll fjölskyldan búsett á sama bænum þótt Þórður og Herdís stæðu ekki sjálf fyrir búi. Hugsanlega höfðu þau áður neyðst til að bregða búi, Þórður hlotið stöðu húsmanns en Herdís orðið vinnukona.

## Eignir og afkoma

Efnahagsleg staða húsfólks var afar misjöfn. Sumir lifðu af eignum sínum, jörðum eða kvikfé, aðrir gátu unnið fyrir sér, en margir voru bæði eigna- og heilsulausir, einkum eldra fólk. Um marga húskarla og húskonur í manntalinu er sagt að þau séu fátæk, jafnvel örfátæk eða bjargþrota. Sumir lifa á sveitarstyrk eingöngu, eða þiggja af sveit endrum og sinnum en geta bjargað sér inn á milli. Oft er tekið fram að viðkomandi sé í húsmennsku fyrir góðmennsku ábúenda og margir lifa mest af ölmusugjörðum, t.d. allar húskonurnar þrjár á Þorfinnsstöðum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.<sup>65</sup> Sennilega hafa oft verið einhver tengsl milli þessa fátæka húsfólks og ábúendanna sem gerðu það að verkum að þeim var leyft að vera. Ætli það hafi verið þetta fólk sem vísað er til í lögreglu-samþykktinni frá 1720, sem „kallaði sig lasburða“ og át heiðvirða bændur út á gaddinn?

Eins og áður segir áttu karlar almennt auðveldara en konur með að sjá fyrir sér utan vinnumennsku, t.d. sem lausamenn.<sup>66</sup> Lausamenn voru flestir á útgerðarsvæðunum um aldamótin 1700; í Gullbringusýslu, Snæfellsnessýslu og Vestmannaeyjum.<sup>67</sup> Þó nokkrir karlar í manntalinu 1703 eru skráðir sem bæði lausamenn og húsmenn og hafa þá sennilega búið heima á bænum þegar þeir voru ekki að vinna annars staðar. Margir húsmenn á Snæfellsnesi og í Ísafjarðarsýslum eru sagðir róa til fiskjar í manntali eða lifa af sjóvinnu, sumir greiddu húsaleiguna með formennsku.<sup>68</sup> Konurnar fóru síður til fiskjar en þó reru t.d. báðar húskonurnar í Arney á Breiðafirði, Sigríður Brandsdóttir og Halla Bjarnadóttir.<sup>69</sup> Fleiri húsmenn, bæði karlar og konur, hafa örugglega róið þótt það sé ekki tekið fram.

<sup>63</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 77 og 105.

<sup>64</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 213, og <http://www.islendingabok.is> Þórður Björnsson, f. 1663.

<sup>65</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 208.

<sup>66</sup> Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 12.

<sup>67</sup> *Manntalið 1703*, bls. 34–41.

<sup>68</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 351.

<sup>69</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 126.

Sértækari störf sem húsmenn kunna að hafa tekið sér fyrir hendur eru yfirleitt ekki tilgreind frekar en tíðkaðist á þessum tíma. Þó gegndi hinn rosni Þórólfur Bjarnason, húsmaður í Súðavík, starfi böðuls, og Hallsteinn Jónsson, húsmaður á Kotnúpi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er sagður nærast á sjóróðrum og alþingisreiðum.<sup>70</sup> Húsmenn gátu jafnframt gegnt virðingarstöðum; á Ögri við Ísafjarðardjúp var séra Arnfinnur Magnússon húsmaður og starfandi prestur í Ögurþingi, og tveir húsmenn voru hreppstjórar.<sup>71</sup> Einn húsmaður var skráður í manntali sem skáld. Það var Guðmundur Bergþórsson í Brandsbúð við Arnarstapa, en eftir hann liggur mikið af rímnakveðskap og heimspeki-kvæðið *Heimspekingaskóli*.<sup>72</sup>

Þær árstíðabundnu sveiflur vinnuafls sem einkenndu íslenska sveitasamfélagið höfðu einnig áhrif á líf og störf húsmanna. Sumir eru skráðir sem „vetrarhúsmaður“ eða „vetrarhúskona“, en hafa e.t.v. róið eða farið í kaupavinnu að sumrinu. Ein kona er skráð sem kaupakona og húskona. Það kemur einnig fyrir að konur séu skráðar fyrir húsmannsheimilum en eiginmenn þeirra sagðir „við og við til húsa“.<sup>73</sup> Í manntalinu segir um grasnyttjalaust húsfólk í Selárdal (sennilega einhvers konar tómthúsfólk, enda var verstöð þar) að það lifi „á sumrin á því, sem guð og menn því tilleggja, af sjófangi og sumir róið geta, og svo við það dragast fram á veturinn, með því sem verkfært kvenfólk kann sjer inn að vinna til hjálpar og sveitar tillagi.“<sup>74</sup>

Fyrir kom að fólk var í húsmennsku að hluta og vinnumennsku að hluta. Það var stundum orðað sem svo að það væri að hálfu hjá bóndanum en að hálfu hjá sjálfu sér.<sup>75</sup> Herdís Bjarnadóttir á Gautshamri í Norður-Ísafjarðarsýslu var „þjónustukvensvið ábúandans að tveim þriðjungum en hjá sjálfri sjer húskvensvið að þriðjungi“ þegar jarðabók var skráð árið 1706. Þegar manntal var tekið þremur árum áður var Herdís skráð vinnukona á Gautshamri en óvíst er hvort staða hennar hefur breyst á þessum þremur árum eða hvort jarðabókin er einfaldlega nákvæmari.<sup>76</sup> Guðrún Björnsdóttir var í húsmennsku í hjáleigunni Staðarhúsum í Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1703 og nítján ára gömul dóttir hennar var hjá móður sinni að hálfu en vinnustúlka í hjáleigunni að hálfu.<sup>77</sup>

<sup>70</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 201 og 218.

<sup>71</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 221, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 342 og <http://www.islendingabok.is> Helgi Þorkelsson, f. 1673.

<sup>72</sup> Sjá Finn Sigmundsson, „Guðmundur Bergþórsson, skáld“.

<sup>73</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 132 og bls. 134.

<sup>74</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 185.

<sup>75</sup> Sjá t.d. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 166 og 211.

<sup>76</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 374, og *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 237.

<sup>77</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 211.

Margir þeirra sem voru í húsmennsku í sveit áttu eitthvert kvikfé. Sumir áttu lítið sem ekkert; hjónin Þórður Guðmundsson og Dýrunn Pétursdóttir, sem voru í húsmennsku á Fjalli í Vestur-Ísafjarðarsýslu, lifðu við eina kú.<sup>78</sup> Aðrir áttu þó nokkuð. Tveir húsmenn í Dalasýslu, karl og kona, áttu meira en tuttugu kindur; hún átti þar að auki kú og hest en hann tvo hesta. Fyrir húsmenn sem áttu hesta gat hestlán verið hluti af húsaleigunni, en svo var einmitt um Helga Þorkelsson húsmann á Víghólmsstöðum í Dölum.<sup>79</sup> Sumir húsmenn áttu báta sem þeir fleyttu sjálfir eða jafnvel skip sem gengu til fiskjar í verinu.<sup>80</sup>

Þeir húsmenn voru líka til sem lifðu af jarðeignum sínum<sup>81</sup> og áttu jafnvel jörðina sem þeir bjuggu á. Anna Gunnlaugsdóttir átti jörðina Hallsstaði í Norður-Ísafjarðarsýslu þar sem hún var húskona ásamt átján ára dóttur sinni árið 1703, en Anna hafði fengið Hallsstaði og aðra jörð í arf eftir föður sinn.<sup>82</sup> Halldóra Tyrfingsdóttir var húskona á Kollsá í sömu sýslu og átti hálfa jörðina á móti ábúandanum, Páli Sigurðssyni, sem hún eignaðist síðar barn með og giftist. Faðir Halldóru var áður bóndi á Kollsá og hefur sennilega arfleitt hana að hennar hluta. Samkvæmt jarðabók átti Halldóra níu kindur og einn hest.<sup>83</sup>

Í Noregi kom það fyrir að skilgreiningin á próventufólki og húsfólki skaraðist; þeir sem hefði verið lýst sem *próventufólki* á einum stað voru kallaðir *húsmenn* á öðrum.<sup>84</sup> Próventumenn voru mjög fáir á Íslandi árið 1703, eða aðeins níu talsins samkvæmt manntalinu,<sup>85</sup> og ekkert kemur fram í manntali eða jarðabók um samninga milli húsmanna og ábúenda sem beinlínis gæti svipað til próventusamninga. Þó var í Svefn-eyjum árið 1703 húskona að nafni Guðný Jónsdóttir sem sögð er óvinnufær. Hún átti skip sem gekk til fiskjar í Oddbjarnarskeri, en bóndinn í Svefn-eyjum hafði „umráð, umsjón og ávöxt á þessu“ og veitti henni alla forsoðun á móti.<sup>86</sup>

<sup>78</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 202.

<sup>79</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 7 og 118. Sjá einnig t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 342.

<sup>80</sup> Sjá *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 304 og 357, en einnig t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 247.

<sup>81</sup> Sjá t.d. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 188, 189 og 196.

<sup>82</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 226, og <http://www.islendingabok.is>. Anna Gunnlaugsdóttir f. 1647.

<sup>83</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 244, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 442, og <http://www.islendingabok.is>. Halldóra Tyrfingsdóttir, f. 1671.

<sup>84</sup> Drake, *Population and Society in Norway*, bls. 115–120.

<sup>85</sup> *Manntalið 1703*, bls. 57.

<sup>86</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 247. Til viðbótar við þetta má e.t.v. nefna stöðu *kostgangara*, en kostgangarar voru tveir á Skarði á Skarðsströnd árið 1703 og það ekki fólk af lágu standi; annars vegar séra Lýður Magnússon prestur og hins vegar Helga Eggertsdóttir, systir ábúandans Arnfríðar Eggertsdóttur, en þær systur voru dætur Eggerts ríka Björnssonar á Skarði. Sjá *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 153.



## Hin breytilega staða húsmannsins

Sagnfræðingarnir Guðmundur Jónsson og Árni Daníel Júlíusson hafa báðir bent á að öfugt við það sem gerðist á Norðurlöndum hafi húsmenn á Íslandi aldrei myndað stétt sem fólk tilheyrði til lífstíðar, heldur hafi hún líkst vinnuhjúastöðunni í því að vera fyrst og fremst tímabundin.<sup>87</sup> Vinnumennska var reyndar lífstíðarstaða fyrir marga sökum takmarkaðra hjúskaparmöguleika og átti það sérstaklega við um konur, þar sem konur á giftingaraldri voru mun fleiri en karlar.<sup>88</sup> Þar sem hægt er að bera saman heimildir um húsmenn í byrjun 18. aldar virðast þær staðfesta töluverðan hreyfanleika.

Guðrún Jónsdóttir var bústýra hjá ógiftum syni sínum á Melum í Hrutafirði árið 1703, 59 ára gömul. Guðrún og eiginmaður hennar höfðu verið ábúendur á Melum og jörðin var í eigu fjölskyldunnar. Þegar jarðabókin var tekin sex árum síðar var Guðrún orðin húskona hjá syni sínum og átti átján ær, fimm sauði og hest. Skýringin á þessari stöðubreytingu Guðrúnar er að sonur hennar hafði gift sig og því komin önnur húsfreyja á heimilið.<sup>89</sup> Alnafna Guðrúnar og sýslungi, Guðrún Jónsdóttir á Hafnarhólmi, þurfti einnig að þola breytingu á högum sínum með árunum. Hún var skráð þriðji ábúandi á Hafnarhólmi árið 1703, 57 ára gömul ekkja með fjögur börn, en þremur árum síðar var sonur hennar orðinn ábúandi og hún skráð húskona hjá honum. Guðrún á Hafnarhólmi virðist hins vegar ekki hafa verið jafn fjárhagslega sjálfstæð og nafna hennar á Melum. Hún átti aðeins tvær ær, lifði sumpart af góðvilja annarra og greiddi enga húsaleigu nema handarvik.<sup>90</sup> Þó nokkur slík dæmi eru um misvel stadda foreldra sem ljúka ævinni í húsmennsku hjá börnum sínum. Það er til marks um stöðu Ragnhildar Steindórsdóttur, sem var 93 ára gömul stórættuð ekkja og húskona hjá dóttur sinni í Múla í Barðastrandarsýslu árið 1703, að hún hafði hjá sér tvær þjónustustúlkur.<sup>91</sup>

Börn gátu jafnframt verið í húsmennsku hjá foreldrum sínum. Helga Snorradóttir bjó hjá foreldrum sínum í Tröllatungu í Strandasýslu, þar sem faðir hennar var prestur, bæði árið 1703 og 1710, en töluverðar breytingar höfðu orðið á högum hennar í millitíðinni. Árið 1703 var hún skráð „þeirra barn“ heima hjá foreldrum sínum, þá 23 ára, en árið 1710 var hún hjá þeim í húsmennsku með níu ær og greiddi húsaleigu eftir samkomu-

<sup>87</sup> Guðmundur Jónsson, „Institutional Change in Icelandic Agriculture, 1780–1940“, bls. 104, og Árni Daníel Júlíusson, „Valkostir sögunnar“, bls. 90.

<sup>88</sup> Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísland*, bls. 36–37. Sjá einnig Loft Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 109–199.

<sup>89</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 243, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 454, og <http://www.islendingabok.is> Jón Jónsson f. 1670.

<sup>90</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 236, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 376.

<sup>91</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 165. <http://www.islendingabok.is> Ragnhildur Steindórsdóttir/Steinþórsdóttir, f. 1610.



lagi við foreldra sína. Á þessum sjö árum hafði Helga gifst og orðið ekkja og var nú komin aftur heim í föðurhús um óákveðinn tíma.<sup>92</sup> Það var ekki óalgenget að börn væru í vinnumennsku hjá foreldrum sínum en e.t.v. hefur kvikfjáreign Helgu og ekkjudómur gert það að verkum að hún varð húskona frekar en vinnukona þegar hún sneri aftur í föðurhús.

Aðrir voru í húsmennsku hjá vandalausum meðan þeir biðu eftir að komast yfir jörð eða í hjónaband. Halldór Jónsson var 29 ára gamall húsmaður í Bíldsey árið 1703 og bjó með móðursystur sinni og ellefu ára syni hennar. Halldór var ættaður úr hjáleigunni á Fagurey þar í grenndinni og foreldrar hans og systkini bjuggu þar enn. Húsmenska Halldórs í Bíldsey var augljóslega tímabundin, þótt óvíst sé hvað varð um frænku hans, en hann varð síðar bóndi á Þingvöllum í Helgafellssveit, sennilega eftir að hafa gifst ekkju bóndans þar.<sup>93</sup>

Enn aðrir höfðu hrakist af jörðinni sem þeir bjuggu á áður, t.d. Páll Einarsson sem var húsmaður á Krossi árið 1705. Hann hafði verið bóndi í Hafnareyjum þegar manntalið var tekið árið 1703 en þær fóru í eyði vegna grasleysis, fiskleysis og vatnsleysis og Páll hrökklaðist með fjölskylduna upp á fastalandið þar sem þau fengu inni í óburtteknu húsi á Krossi. Þau áttu ekkert kvikfé og nutu einskis af jörðu en lifðu greinilega enn af fiskveiðum, því Páll átti skip sem gekk í Bjarneyjum og bát sem einnig hafði gengið til fiskjar.<sup>94</sup>

Andlát maka gat haft veruleg áhrif á afkomu einstaklinga, ekki síst kvenna. Halla Jónsdóttir var árið 1703 húskona í Stöð, hjáleigu frá Skarði á Skarðsströnd, með átta ára dóttur sinni. Eiginmaður hennar hafði druknað fjórum árum áður og yngri dóttir þeirra er skráð ómaga á Skarðsströnd. Halla sjálf var greinilega illa stödd; samkvæmt jarðabók lifa þær mæðgur sumpart af handafla, sumpart af ölmusu í sveitinni og annars staðar, og virðast ekki eiga neitt kvikfé.<sup>95</sup> Að sama skapi var Jón Guðmundsson á Fífustöðum í Barðastrandarsýslu illa staddur; hann hafði farið til Alþingis vegna sakamáls en eigin-

---

<sup>92</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 241, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 400. Sjá einnig Solveigu Magnúsdóttur í *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 243, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 452–453. Eins og Helga Snorradóttir var Solveig skráð barn hjá móður sinni árið 1703 en húskona hjá henni sex árum síðar. Ef til vill hefur hún gifst og orðið ekkja í millitíðinni líkt og Helga.

<sup>93</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 132, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 357, og <http://www.islendingabok.is> Halldór Jónsson, f. 1674.

<sup>94</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 154, og *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 129–130 og 134.

<sup>95</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 153, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 137, og <http://www.islendingabok.is> Halla Jónsdóttir, f. 1659. Sjá einnig t.d. Guðrúnu Jónsdóttur í *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 154, og <http://www.islendingabok.is> Guðrún Jónsdóttir, f. 1660.

kona hans látist á meðan hann var þar og heimilið verið leyst upp. Börnum hans var komið fyrir annars staðar en Jón fékk inni á Fífustöðum sem húsmaður hjá mági sínum, bróður konunnar sinnar sálugu.<sup>96</sup> Í manntali má oft sjá slíkt húsfólk sem á börn en getur ekki haft þau hjá sér. Þuríður Magnúsdóttir var t.d. nýorðin ekkja og húskona hjá systur sinni í Þorpi í Strandasýslu árið 1703 en ellefu ára gömul dóttir hennar var ómági, eða veislubarn, í Saurbæ í Dalasýslu.<sup>97</sup> Borgar Jónsson á Fjalli á Skaga í Vestur-Ísafjarðarsýslu lifði af sjóróðrum og vann fyrir barni sínu. Kannski var það Margrét Borgarsdóttir, fjögurra ára, sem var tókubarn í Villingadal í sama hreppi.<sup>98</sup>

Ekki gátu allir treyst á húsmennsku fyrir góðmennsku sakir, og sumir hröktust úr húsmennskunni vegna bágrar stöðu sinnar. Það gæti hafa átt við um Guðrúnu Halldórsdóttur sem var húskona í Blönduhlíð í Dalasýslu þegar jarðabók var tekin þar í mars 1703 en hafði „ekkert fyrir sig að leggja og þar ei lengi viss.“ Þegar manntalið var tekið aðeins mánuði síðar var Guðrún ekki lengur í Blönduhlíð, en gæti hafa verið orðin vinnukona á Breiðabólstað í næsta hreppi eða á Skarði í sömu sýslu, þar sem voru konur með sama nafni, ef hún var þá ekki komin eitthvað allt annað.<sup>99</sup>

Það kom þó einnig fyrir að fólk, sem áður hafði verið á vergangi, komst í húsmennsku. Þegar manntalið var tekið árið 1703 var Guðbjörg Gunnlaugsdóttir húsgangsmanneskja stödd í Tungu í Húnavatnssýslu ásamt tveimur börnum sínum, sem voru sautján og tuttugu ára, en sagt er um þau að þau hafi „sjer um þessa Húnavatnssýslu og víða um aðrar sveitir langvaranlega hjálpað.“<sup>100</sup> Sex árum síðar var Guðbjörg orðin húskona á Borðeyri á Ströndum, ein síns liðs, með einn hest og eina á.<sup>101</sup>

Í Hnappadalssýslu er í einu tilviki hægt að lesa út úr heimildunum húsmennsku konu á sama bæ um 26 ára skeið, en þar var manntal tekið 1703, jarðabók 1714 og aftur manntal 1729. Öll þessi ár var Margrét nokkur Sigurðardóttir húskona í Ytra Skógarnesi. Þótt nýir ábúendur hafi tekið við jörðinni einhvern tíma milli 1714 og 1729 sat Margrét sem fastast.<sup>102</sup> Hér má minna á það sem Magnús S. Magnússon telur vera sameiginlegt einkenni húsmanna og þurrabúðarmanna, að hvorir tveggja hafi „fylgt

<sup>96</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 186, og <http://www.islendingabok.is> Jón Guðmundsson, f. 1653.

<sup>97</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 156 og 240, og <http://www.islendingabok.is> Þuríður Magnúsdóttir, f. 1652.

<sup>98</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 202–203.

<sup>99</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI*, bls. 10, og *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 140 og 153.

<sup>100</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 247.

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 451.

<sup>102</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 77.

jörðinni“ þótt hún skipti um eigendur.<sup>103</sup> Þar sem Margrét Sigurðardóttir var orðin sextug árið 1703 er þessi langa húsmennska í rauninni einkum merki um það hversu óvenju langlíf hún hefur orðið.

## Lokaorð

Húsmenn hafa hingað til lítið verið rannsakaðir sérstaklega og oft er eins og lítið sé á þá sem einhvers konar „aukahóp“ í samfélagsmynstrinu. Eitt af því sem er erfitt viðureignar þegar kemur að því að draga saman einkenni á hópi húsmanna er hversu fjölbreytilegur hann var. Húsmenn voru aðgreindir frá lausamönnum, enda var lausamennskan formleg staða sem krafðist lausamenskubréfs. Húsmenn voru heldur ekki bundnir vistarbandi, þótt yfirvöld hafi reynt að koma í veg fyrir að þeir færu alveg frjálsir ferða sinna. Þeir gegndu stundum virðingarstöðum, t.d. embætti hreppstjóra og jafnvel prests, sem vinnumenn hefðu tæplega gert. Í mörgum tilvikum er þó erfitt að greina af heimildum raunverulega stöðu húsmannsins og með hverjum hann átti mest sameiginlegt. Þjó þessi húsmannafjölskylda á bænum hjá ábúendum eða hafði hún eigið hús til umráða í túnfætinum eða niðri við sjóinn? Var þessi húskona veikburða í horninu hjá ættingjum sínum sakir góðmennsku þeirra eða leigði hún hjá vandalausum og reri til fiskjar sér til viðurværis?

En það er einmitt þessi fjölbreytilega, allt að því ófyrirsjáanlega, staða húsmanna sem gerir þá að spennandi viðfangsefni. Niðurstöðurnar af samanburði jarðabóka og manntals benda til þess að húsmennska hafi yfirleitt verið tímabundin, rétt eins og Árni Daníel Júlíusson og Guðmundur Jónsson hafa áður leitt líkur að. Oft virðist hún hafa verið millibilsástand, t.d. eftir andlát maka eða missi jarðar, eða leið til að halda sjálfstæði eftir að hafa hætt búskap vegna aldurs. Það virðast ekki síst hafa verið konur sem húsmennska veitti ákveðið tækifæri til sjálfstæðis, í samfélagi sem gerði ekki ráð fyrir því að þær sæju fyrir sér sjálfar. Þær hafa sjálfsagt þurft að hafa til þess efnahagslegar forsendur eða persónuleg tengsl, svo vitnað sé í Gísla Gunnarsson.<sup>104</sup> Allt þetta væri vert að kanna nánar og skoða yfir lengra tímabil, í samhengi við breytingar á fólksfjölda og atvinnuháttum. Það er ekki ólíklegt að þróun og breytingar „aukahópsins“ og „millibilsástandsins“ geti sagt okkur ýmislegt um takmarkanir og möguleika einstaklinga innan samfélagsins.

<sup>103</sup> Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition*, bls. 34.

<sup>104</sup> Gíslí Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation*, bls. 21.

## Heimildaskrá

- Alþingisbækur Íslands III. 1595–1605.* (Reykjavík 1917–1918).
- Alþingisbækur Íslands IV. 1606–1619.* (Reykjavík 1920–1924).
- Alþingisbækur Íslands VIII. 1684–1696.* (Reykjavík 1949–1955).
- Alþingisbækur Íslands X. 1711–1720.* (Reykjavík 1967).
- Alþingisbækur Íslands XVI. 1781–1790.* (Reykjavík 1986).
- Alþingistíðindi 1915.*
- Arnþjóttur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu“. *Andvari* 14:1 (1888), bls. 148–228.
- Árni Daníel Júlíusson, „Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund“. Doktorsritgerð frá Kaupmannahafnarháskóla 1996.
- Árni Daníel Júlíusson, „Valkostir sögunnar. Um landbúnað fyrir 1700 og þjóðfélagsþróun á 14.–16. öld“. *Saga. Tímarit Sögufélags* 36 (1998), bls. 77–111.
- Björn Teitsson, „Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt“. *Saga* 17:1 (1979), bls. 256–258.
- Drake, Michael, *Population and Society in Norway 1735–1865.* (Cambridge 1969).
- Dyrvik, Ståle, *Norsk historie III. 1625–1814. Vegar til sjølvstende.* (Oslo 1999).
- Einar Laxness, *Íslandssaga a–ö I. 2. útgáfa.* (Reykjavík 1998).
- Finnur Sigmundsson, „Guðmundur Bergþórsson, skáld“. *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur V.* Ritstjóri Jón Guðnason. (Reykjavík 1966), bls. 75–87.
- Ax, Christina Folke, „De uregerlige. Den islandske almue og øvrighedens reformforsøg 1700–1870“. Doktorsritgerð frá Kaupmannahafnarháskóla 2003.
- „Færeyingar á Seyðisfirði“. *Austri* 3:16 (1886), bls. 62–63.
- Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation. Studies in the Foreign Trade of Iceland 1602–1787.* (Lundur 1983).
- Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787.* (Reykjavík 1987).
- Guðmundur Jónsson, „Institutional Change in Icelandic Agriculture, 1780–1940“. *Scandinavian Economic History Review* 41:2 (1993), bls. 101–128.
- Guðmundur Jónsson, „Stjórnþæki gamla samfélagsins. Hundrað ár frá leysingu vistarbannsins“. *Ný saga* 6 (1993), bls. 64–69.
- Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld.* (Reykjavík 1981).
- Íslendingabók.* Samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar. <http://www.islendingabok.is>
- Íslensk orðabók.* Ritstjóri Mörður Árnason. 4. útgáfa. (Reykjavík 2007).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V. Hnappadalssýsla og Snæfellsnessýsla.* (Reykjavík 1982).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI. Dalasýsla og Barðastrandarsýsla.* (Reykjavík 1983).
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII. Ísafjarðarsýsla og Strandarsýsla.* (Reykjavík 1984).
- Landsnefndin 1770–1771 I–II.* Ritstjóri Bergsteinn Jónsson. (Reykjavík 1958–1961).
- Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar.* (Reykjavík 1983).

- Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Þurfamenn í manntalinu 1703“. *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Ritstj. Ólöf Garðarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson. (Reykjavík 2005), bls. 85–121.
- Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition. Labour and Socio-Economic Change Before 1940*. (Lundur 1985).
- Magnús Þórarinnsson, „Hvað er „húsmaður“?“ *Morgunblaðið* 5. janúar 1963, bls. 6.
- Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þremur sýslum*. (Reykjavík 1924–1947).
- Manntal á Íslandi 1801 III. Norður og austuramt*. (Reykjavík 1980).
- Manntalið 1703*. Hagskýrslur Íslands II, 21. (Reykjavík 1960).
- Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Ritstj. Ólöf Garðarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson. (Reykjavík 2005).
- Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar“. *Rannsóknir í félagsvísindum II. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 1997*. Ritstj. Friðrik H. Jónsson. Reykjavík 1998.
- Páll Briem, „Yfirlit yfir sóttvarnarlög Íslands“. *Lögfræðingur* 2:1 (1898), bls. 1–69.
- Skrubbeltrang, Fridlev, *Det danske Landbosamfund 1500–1800*. (Kaupmannahöfn 1978).
- Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1854–63*.
- „Um mannfjölda á Íslandi“. *Skýrslur um landshagi á Íslandi* 1:1 (1858), bls. 329–404.
- Þórarinn Sveinsson, „Æfisögubrot feðganna Sveins Þórðarsonar og Þórarins bókbindara Sveinssonar“. *Blanda* 2:4–6 (1921–1923), bls. 283–349.